

KÓPAVOGUR

AÐALSKIPULAG 2019-2040

Óveruleg breyting á aðalskipulagi, breyting nr. 1, samfélagsþjónustusvæði uppfært til samræmis við lóðarmörk:

Skólatröð/Óveruleg breyting

Inngangur og lýsing breytingar
Unnið er að undirbúningi deiliskipulags á reit/lóð sem afmörkuð er sem S-6 í gildandi aðalskipulagi. Umrædd lóð er stærri en svæði sem sýnt er sem S-6 fyrir samfélagsþjónustu á þéttbýlisupprætti. Lagt er til að þetta verði lagfært og lóðin öll verði afmörkuð sem samfélagsþjónustureitur S-6 enda hefur hún til langs tíma verið nýtt þannig. Jafnframt verði texti í viðeigandi töflu (6-2) uppfærður m.a. þar sem búið er að rífa það hús sem var á lóðinni.

Umhverfisáhrif
Um er að ræða minniháttar lagfæringu á afmörkun á landnotkunarreitum til samræmis við lóðarmörk. Þarna hefur leikskóli verið um langa hrið og samkvæmt gildandi aðalskipulagi mega nágrannar eiga von á að sú starfsemi verði þarna áfram. Jafnframt hefur þetta sama svæði verið afmarkað sem samfélagsþjónustureitur í fyrri aðalskipulagsáætlunum. Í töflu gildandi aðalskipulags (á upprætti þessum) er einnig tekið fram að á reitnum sé leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar – og á það enn við.

Sjá til hliðar þéttbýlisupprætti og útdrátt úr töflu 6-2. Yfirlit yfir leikskóla.

Í gildandi aðalskipulagi fyrir breytingu úr töflu 6-2. Yfirlit yfir leikskóla.

Digranes		
S-6	Urðarhóll/ Skólatröð	Á reitnum eru tvær deildir leikskólans Urðarhóls. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,4 og 0,15 ha.

Eftir breytingu. Úr töflu 6-2. Yfirlit yfir leikskóla.


Digranes		
S-6	Skólatröð	Á reitnum er/verður leikskóli en breytingar á húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu eru heimilar. Stærð um 0,2 ha.

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð skv 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í skipulagsráði Kópavogs þann _____


var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____



Mælikvarði 1:10.000

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040




Mælikvarði 1:10.000

Tillaga að breyttu aðalskipulagi



Mælikvarði 1:1200

Skýringarmynd. Lóðin í heild verði afmörkuð sem samfélagsþjónustusvæði enda verið nýtt þannig um langa hrið.



Mælikvarði 1:1200

